

# Skrópvörnin

Síðast uppfært 23/07/2026 10:39 am BST

Skrópvörnin er einföld leið til að fækka skrópum og auka tekjur en hún gerir þér kleipt að senda rukkun í heimabanka á viðskiptavinini sem hafa skrópað í bókaðan tíma.

Þegar þú hefur sett upp skrópvörnina inni á Noona HQ aðgangnum þínum getur þú byrjað að senda út skrópkröfur.



Áttu eftir að setja upp skrópvörnina? [Smelltu hér](#) til þess að lesa hvernig það er gert ↗

## Hvernig lítur skrópvörnin út fyrir viðskiptavininn?

Um leið og skrópvörnin er virk munu viðskiptavinir þurfa að samþykja notkun skrópgjalda þegar þau panta tíma hjá þér í gegnum Noona. Einnig munu viðskiptavinir þurfa að setja inn kennitöluna sína til þess að klára bókunina. Þannig hefur þú allar upplýsingar sem þú þarft til þess að senda út skrópkröfu.

☐ Ég samþykki notkun skrópgjalda

Noona stofan áskilur sér rétt á að rukka skrópgjald ef þú mætir ekki og lætur ekki vita af afbókun með að minnsta kosti 12 klst fyrirvara.

Ef að þú ert með staðlaða SMS áminningu mun bætast við í lok skilaboðanna "Ath. skrop getur leitt til gjalds"

Gunnar, tíminn thinn er kl. 14:00 a morgun  
17.07 - Afbokanir: 8440905

- Noona

Ath. skrop getur leitt til gjalds

Svona líta sms-in þín út

## Hvernig sendi ég út kröfuna og hvað er hún há?

Þú ræður alltaf hvort þú sendir út skrópkröfu og hversu há hún á að vera.

Byrjaðu á því að smella á tímann --> **Mæting** --> **Skrópaði** --> "Stofna skrópkröfu".

Valinn tími

Mæting

Mætti

Afbókaði

Skrópaði

Afgreitt

Veikindi

Test

Gone Hunting

Bill sóttur

Engin staða

Manage statuses

Við það kemur upp gluggi þar sem þú velur hversu hátt hlutfall af virði tímans þú vilt rukka en þú getur einnig tekið úr hakið "nota hlutfall af verði bókunar" og notast við frjálsa upphæði í staðin.

Rukka skrópgjald

Krafa verður stofnuð í heimabanka viðkomandi. Þú færð tölvupóst þegar krafan fæst innheimt.

Kt. viðskiptavinar

Bæta við >

Verðlagning

Nota hlutfall af verði bókunar

Hlutfall skrópgjalds 50%

VSK hlutfall 24%

Yfirlit

Kostnaður tíma1.700 ISK

Skrópgjald850 ISK

Noona tekur 10% þóknun af greiddu skrópgjaldi

Hætta við

Senda

Rukka skrópgjald

Krafa verður stofnuð í heimabanka viðkomandi. Þú færð tölvupóst þegar krafan fæst innheimt.

Kt. viðskiptavinar

Bæta við >

Verðlagning

Nota hlutfall af verði bókanar

Upphæð

1700 ISK

VSK hlutfall

24% ▾

Yfirlit

Kostnaður tíma

1.700 ISK

Skrópgjald

1.700 ISK

Noona tekur 10% þóknun af greiddu skrópgjaldi

Hætta við

Senda

**i** Ef þú vilt merka tímann sem skrópaði en ekki senda út skrópkröfu þá getur þú smellt á 'hætta við'.

Þegar skrópkrafan hefur verið send út fær viðskiptavinurinn þessa SMS tilkynningu til sín (nema hakið sé tekið úr "Senda SMS tilkynningu um kröfu):

#### Skilaboð

Senda SMS tilkynningu um kröfu




Noona, þar sem þú mættir ekki í tíma sem þú áttir bókaðan kl. 10:00 þann 21.07.2026 og lést ekki vita með nægum fyrirvara verðum við því miður að rukka þig um skrópgjald sem nemur 1.700 kr. Krafa verður send í heimabanka þinn innan skamms, en láttu okkur vita ef þú telur að um mistök séu að ræða. Kær kveðja og með von um skilning, Noona stofan

## Hvernig felli ég niður skrópkröfu?

Ef það kemur í ljós að það var skiljanleg ástæða fyrir skrópinu, eða að um misskilning var að ræða getur þú alltaf fellt niður skrópkröfur. [Smelltu hér](#) til þess að lesa um hvernig hægt er að fella niður skrópkröfu.

## Hvernig sé ég stöðuna á skrópkröfunum?


Þú getur séð stöðuna á þeim skrópkröfum sem þú hefur sent út með því að fara í [valmyndina > skrópvörn](#). Ef krafan sem þú ert að leita að birtist ekki strax gæti verið að þú þurfir að breyta tímabilinu sem er verið að skoða.



Smelltu [hér](#) til þess að læra meira um stöðu skrópkrafa.

## Hvernig birtast skrópkröfur á skýrslum?

Undir **Skýrslur > Skrópgjöld** er hægt að finna allar nauðsynlegar upplýsingar fyrir bókhaldið um greiddar skrópkröfur.



## Hvað tekur langan tíma að stofna skrópkröfuna?

Um leið og þú sendir út skrópkröfuna tekur Inkasso við boltanum og stofnar skrópkröfuna. Það tekur vanalega um 6 mínútur.

## Hver er gjalddaginn og eindaginn?

Þegar skrópkafa er stofnuð þá er eindaginn settur á 30 daga og gjalddagurinn í 15 daga, ef við tökum með þann dag sem skrópkrafan er stofnuð.

## Hvað kostar að vera með skrópvörnina?

10% þóknun er tekin af hverri greiddri skrópkröfu en það er ekkert fast verð fyrir það að vera með skrópvörnina. Sú þóknun bætist á næsta reikning frá Noona eftir að krafan hefur verið greidd.

---

Þá er það ekki fleira í bili! Ekki hika við að senda okkur skilaboð í gegnum spjallbúbbbluna eða tölvupóst á [hq@noona.is](mailto:hq@noona.is) ef einhverjar spurningar vakna ☺

